

FUGLAMERKINGAR X. ÁR

FINNUR GUÐMUNDSSON

SKÝRSLA

UM

F U G L A M E R K I N G A R  
NÁTTÚRUGRIPASAÐNSINS

ÁRIÐ 1941

FYLGIRIT SKÝRSLU UM HIÐ ÍSLENZKA NÁTTÚRUFRÆÐIFÉLAG  
FÉLAGSÁRIN 1941 OG 1942

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN H.F.  
REYKJAVÍK 1943

## Orðsending

til liðsmanna við fuglamerkingarnar.

Eins og flestum liðsmönnum fuglamerkinganna mun þegar kunnugt, hefur dr. Finnur Guðmundsson, forstöðumaður Náttúrugripasafnsins í Reykjavík, tekið við umsjón með starfrækslu fuglamerkinganna framvegis. Var hann, ásamt föður sínum, prófessor Guðm. heitnum Bárðarsyni, upphafsmaður þess að hafizt var handa um innlendar fuglamerkingar hér á landi og hefur hann ávallt verið einn hinn bezti styrktarmaður þessa starfs síðan það var hafið, og unnið því allt það gagn er hann mátti vegna annara anna, m. a. útvegaði hann erlendis alla merkjahringana, sem notaðar hafa verið fram á þennan dag og munu birgðir þær, sem hann aflaði síðast, endast um nokkur ár ennþá, að undanteknum einum (2.) stærðarflokki, sem nú er þrotinn. Er mér því sönn ánægja að því, að eiga þess kost að afhenda fuglamerkingarnar í hendur þess manns, sem færastur er allra innlendra manna á þessu sviði og hefur verið ágætur styktarmaður þessa málefnis frá upphafi. Um leið og ég gríp tækifærið til þess að þakka öllum samverkamönnum mínum við þetta starf, fyrr og síðar, ágæta aðstoð og ánægjulega sambinnu, get ég fullvissað alla velunnara fuglamerkinganna um það, að þær geta ekki komið í hendur betri manns eða áhugasamari um starfið, en dr. Finns, og því vænti ég þess fastlega, að allir liðsmenn við merkingarnar, eldri og yngri, sem þess eru umkomnar, veitti dr. Finni allt það lið, sem þeir mega við starfið framvegis. Að vísu hefur hernám landsins lagt ýmsar hömlur á athafnafrelsi almennings, einkum þó þeirra, sem við sjó búa, og hefur það sérstaklega komið fram á fuglamerkingunum, en þessu ástandi léttir vonandi af fyrr en síðar og þá rennur aftur upp ný athafnaöld að því, er fuglamerkingarnar snertir. En þá er og óskandi að erlendum mönnum verði eigi látið haldast uppi að trufla merkingar Náttúrugripa-

safnasins með starfsemi, sem við höfum ekki fengið að hafa eftirlit með og treglega hefir fengizt að vita um árangur af. Er og óskandi að það komið sem fyrst í lög, að Náttrugripasafnið í Reykjavík hafi framvegis eitt einkarétt til þess að merkja fugla hér á landi. Óska ég svo öllum góðs gengis við starfið í bráð og lengd.

Reykjavík, 2. ág. 1942.

Magnús Björnsson.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég undirritaður tekið við umsjón með fuglamerkingastarfsemi Náttúrugripasafnsins frá og með ársbyrjun 1942. Orsókin til þess er sú, að vegna annríkis við önnur störf hefir cand. phil. Magnús Björnsson orðið að láta af umsjón með þessari starfsemi, sem hann hefir veitt óslitið forstöðu í 10 ár, eða frá því hún hófst árið 1932. Um leið og ég tek við starfi hans vildi ég mega þakka honum fyrir hönd Hins íslenzka náttúrufræðifélags og Náttúrugripasafnsins fyrir gott og ötult starf í þágu fuglamerkinganna. Hann einn hefir haft allan veg og vanda af starfrækslu þeirra frá upphafi og ráðið mestu um fyrirkomulag þeirra, og honum hefir tekizt giftusamlega að fleyta þessari starfsemi yfir byrjunarörðugleikana og koma henn í fast horf. Að lokum vil ég leyfa mér að óska þess, að fuglamerkingastarfsemin fái framvegis notið aðstoðar þeirra manna, sem hingað til hafa stuðlað að hinum mikla og merka árangri, sem þegar hefir fengizt með merkingunum. Fuglamerkingarnar hafa því miður ekki svo miklu fé úr að spila, að hægt sé að launa þá menn, sem ljá þeim liðsinni sitt. Starfsemin verður því eingöngu að byggjast á starfi áhugamanna, sem vilja leggja fram krafta sína málefnisins vegna. Þeg fyrir mitt leyti hefi fullan hug á því, að efla merkingastarfsemina sem mest, og vænti þess að eldri og yngri liðsmenn séu mér sammála um, að okkur Íslendingum ætti að vera það ljúft að inna af hendi þessar sjálfsögðu rannsóknir á fuglalífi landsins.

Reykjavík, í ágúst 1942.

Finnur Guðmundsson.

## Merkingarnar árið 1941

Árið 1941 voru alls merktir 610 fuglar eins og tafla I sýnir. Ær það með minnsta móti, því að aðeins tvö fyrstu ár merkinganna (1932 og 1933) var fjöldi merktra fugla minni. Á það sjálfsagt að nokkru leyti rót sína að rekja til hinnar miklu vinnu í samandi við hernám landsins og þar af leiðandi skorts á vinnuafli til sveita, en afleiðingin af því hefir orðið sú, að menn hafa síður gefið sér tíma til merkinganna en ella. Auk þess var veðrátta sumarið 1941 að mörgu leyti óhagstæð til merkinga víða á landinu.

Tafla I sýnir að af 610 merktum fuglum hafa 477 eða 78% verið ungar, en 133 eða 22% fullorðnir fuglar. Tegundirnar, sem merktar voru, hafa alls verið 41. Mest hefir verið merkt af kríu, eða 222 (36.3%). Eru það nær eingöngu kríuungar, sem merktir hafa verið. Æg vil í þessu sambandi vara menn við að merkja kríuunga fyrr en þeir eru orðnir nokkuð stálpaðir, því að vanhöld hjá þeim eru oft svo mikil, að það borgar sig varla að sóa á þá merkjum fyrr en þeir hafa mesta hættuskeiðið að baki sér. Af öðrum fuglategundum hefir verið merkt talsvert af spörfuglum (þúfutittlingum, maríuerlum, skógarþróstum og steindeplum), ýmsum andategundum (rauðhöfðendum, skúföndum, duggöndum, hávellum og hrifnsöndum) og vaðfuglum (hrossagaukum, óðinshönnum, rauðbrystingum og tildrum). Ennfremur hafa verið merktir 24 skúmsungar, en af öðrum tegundum hefir fjöldi merktra fugla verið innan við 10. Í töflu I eru taldir 15 fýlar, sem merktir voru á árunum 1938 og 1939, en vitneskja um þá hafði ekki fengizt fyrr, og þeir hafa því ekki komið í skýrslum áður. Það skal að lokum tekið fram, að í töflu I eru ekki taldir með fuglar, sem hafa verið endurmerktir á árinu enda liggur það í augum uppi, að fjöldi merktra fugla eykst ekki, þó að skift sé um merki á fuglum, sem hafa verið merktir áður, en slíkt

## TAFLA I.

Skrá yfir fugla, merkta árið 1941.

6

## FUGLAMERKINGAR

Tegundir (Species)	Fulloðnir (Full-Grown)	Ungar (Young)	Samtals (Total)
I. Hrafn ( <i>Corvus corax islandicus</i> , Hantzsch) .....	1	2	1
2. Auðnittlingur ( <i>Carduelis flammea islandica</i> , Hantzsch) .....	5	31	2
3. Pífuttingur ( <i>Anthus pratensis</i> , (L.)) .....	1	27	36
4. Mariuerla ( <i>Motacilla alba alba</i> , L.) .....	1	27	28
5. Skógarþróstur ( <i>Turdus musicus coburni</i> , Sharpe) .....	24	12	24
6. Steindepill ( <i>Oenanthe oenanthe leucorrhoea</i> (Gmelin)) .....	3	15	15
7. Stokkönd ( <i>Anas platyrhynchos</i> (L.)) .....	1	4	5
8. Litla gráönd ( <i>Anas strepera</i> , L.) .....	2	1	3
9. Urtönd ( <i>Anas crecca crecca</i> , L.) .....	2	6	6
10. Rauðhöfðaönd ( <i>Anas penelope</i> , L.) .....	2	19	21
11. Ærafond ( <i>Anas acuta acuta</i> , L.) .....	1	1	1
12. Skúfond ( <i>Aythya fuligula</i> , (L.)) .....	8	10	18
13. Duggönd ( <i>Aythya marila marila</i> , (L.)) .....	11	16	27
14. Húsönd ( <i>Bucephala islandica</i> , (Gmelin)) .....	2	2	2
15. Hávella ( <i>Clangula hyemalis</i> , (L.)) .....	6	14	20
16. Srtauamönd ( <i>Histrionicus histrionicus</i> , (L.)) .....	1	1	1
17. Æðarfugl ( <i>Somateria mollissima mollissima</i> , (L.)) .....	1	2	3
18. Hrafnönd ( <i>Melanitta nigra nigra</i> , (L.)) .....	16	6	22
19. Litla toppönd ( <i>Mergus serrator</i> , L.) .....	2	2	2

20.	Fýll ( <i>Fulmarus glacialis</i> , (L.)) .....	15		15	
21.	Spói ( <i>Numenius phaeopus islandicus</i> , Brehm) .....	5		5	
22.	Hrossagaúkur ( <i>Capella gallinago faeroensis</i> , (Brehm)) .....	II		II	
23.	Óðinsþani ( <i>Phalaropus lobatus</i> , (L.)) .....	I2		I2	
24.	Tildra ( <i>Arenaria interpres</i> , (L.)) .....	15		15	
25.	Rauðbrystingur ( <i>Calidris canutus canutus</i> , (L.)) .....	10		10	
26.	Lóupræll ( <i>Calidris alpina schinzii</i> , (Brehm)) .....	2		2	
27.	Sendlingur ( <i>Calidris maritima maritima</i> , (Brünn.)) .....	7		7	
28.	Sanderla ( <i>Crocethia alba</i> , (Pall.)) .....	8		8	
29.	Sandlöa ( <i>Charadrius hiaticula hiaticula</i> , L.) .....	3		6	
30.	Heiðlöa ( <i>Phrinus apicaria altifrons</i> , (Brehm)) .....			4	
31.	Tjaldur ( <i>Haematopus ostralegus ostralegus</i> , L.) .....			1	
32.	Kria ( <i>Sterna macrura</i> , Naum.) .....	2		220	
33.	Hettumávur ( <i>Larus ridibundus ridibundus</i> , L.) .....			9	
34.	Svarthakur ( <i>Larus marinus</i> , L.) .....			2	
35.	Rita ( <i>Rissa tridactyla tridactyla</i> , (L.)) .....	7		7	
36.	Skúmur ( <i>Stercorarius skua skua</i> , (Brünn.)) .....			24	
37.	Kjói ( <i>Stercorarius parasiticus</i> , (L.)) .....			2	
38.	Teista ( <i>Uria grylle grylle</i> , (L.)) .....			4	
39.	Haftyrðill ( <i>Alle alle alle</i> , (L.)) .....			1	
40.	Lundi ( <i>Fratercula arctica arctica</i> , (L.)) .....			1	
41.	Rjúpa ( <i>Lagopus mutus islandorum</i> , (Faber)) .....			1	
	Samtals (Total)	133	477	610	

## TAFLA II.

Liðsmenn við fuglamerkingarnar árið 1941.

88

## FUGLAMERKINGAR

	N ö f n	Fjöldi merktra fugla
1.	Benedikt Stefánsson, Hlíð í Lóni, A.-Skaft. ....	9
2.	Birgir Thorlacius, stjórnarráðsfulltrúi, Reykjavík .....	11
3.	Björn Guðmundsson, Lóni í Kelduhverfi, N.-Ping. ....	1
4.	Eimir Jónsson, Reykjanesi, Gullbr. ....	122
5.	Friðrik Sigurbjörnsson, námsmaður, Reykjavík .....	30
6.	Hannes Jónsson, Núpstað í Fljótshverfi, V.-Skaft. ....	1
7.	Hákon Vilhjálmsson, Hafurbjarnarstöðum, Miðneshr., Gullbr. ....	51
8.	Hlynur Sigtryggsson, Núpi í Dýrafirði, V.-Ísf. ....	60
9.	Höskuldur Stefánsson, Syðri-Bakka í Kelduhverfi, N.-Ping. ....	11
10.	Ingvar Guðbjartsson, Kollsvík, Rauðasandshr., V.-Barð. ....	6
11.	Jóhannes og Ragnar Sigfinnssynir, Grímsstöðum við Mývatn, N.-Ping.	273
12.	Jón Sigurðsson, Hvöli í Fljótshverfi, V.-Skaft. ....	1
13.	Magnús Björnsson, cand. phil., Reykjavík .....	1
14.	Sigurður Björnsson, Kvískerjum í Öræfum, A.-Skaft. ....	6
15.	Skarphéðinn Gíslason, Vagnsstöðum í Suðursveit, A.-Skaft. ....	4
16.	Sveinn Ólafsson, Lambavatni, Rauðasandshr., V.-Barð. ....	1
17.	Vilhjálmur Þorbjörnsson, Drangshlíð, Austur-Eyjafjallahr., Rang. ....	15
18.	Þorsteinn Guðmundsson, Reynivöllum í Suðursveit, A.-Skaft. ....	7

610

kemur auðvitað aðeins til greina ef gömlu merkin eru farin að slitna.

Í töflu II eru taldir liðsmenn við fuglamerkingarnar á árinu 1941, og enn fremur er þar sýnt hve marga fugla hver þeirra hefir merkt. Taflan sýnir að liðsmennirnir hafa alls verið 18. Þeir Grímsstaðabréður, Jóhannes og Ragnar Sigfinnssynir, hafa eins og jafnan áður verið langötulastir við merkingarnar. Þeir hafa alls merkt 273 fugla, eða 44.8% af öllum þeim fuglum, sem merktir hafa verið á árinu. Næstir koma svo Einir Jónsson með 122 fugla (20%), Hlynur Sigtryggsson með 60 fugla (9.8%), Hákon Vilhjálmsson með 51 fugl (8.4%) og Friðrik Sigurbjörnsson með 30 fugla (4.9%). Vilhjálmur Þorbjörnsson hefir merkt 15 fugla (2.5%) og Birgir Thorlacius og Höskuldur Stefánsson 11 fugla hvor (1.8%). Hjá öðrum liðsmönnum hefir fjöldi merktra fugla verið innan við 10.

## Endurheimtur árið 1941

**Skógarþröstur — *Turdus musicus coburni* Sharpe.**

- 7/1855 Ungi. Merktur í hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 13.6. 1940. — Fundinn dauður á sama stað í maí 1941.

**Stokkond — *Anas platyrhyncha platyrhyncha* (L.).**

- 3/1455 Ungi. Merktur á Lambavatni á Rauðasandi í V.-Barð. þ. 12.8. 1940. — Petta merki fannst í kálgarði í Tungu í Örlygshöfn við Patreksfjörð vorið 1941.

**Duggönd — *Aythya marila marila* (L.).**

- 3/457 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 10.7. 1935. — Petta merki kom í silunganet á sama stað þ. 8.7. 1941. Hafði það opnatz — sökum þess hve slitið það var — við umbrot fuglsins og orðið eftir í netinu þó að fuglinn rifi sig úr því.

- 3/1911 Ungi. Merktur á Grímsstöðum við Mývatn þ. 6.7. 1940. — Merkið fundið á sama stað í maí 1941 á leifum af fuglinum frá haustinu áður.

**Hávella — *Clangula hyemalis* (L.).**

- 4/1239 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 1.7. 1938. — Nádist á hreiðri á sama stað þ. 26.6. 1941 og var endurmerktur með merkinu 4/1740.

- 4/1420 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 27.6. 1939. — Fundinn dauður hjá Vindbelg í sómu sveit í júníbyrjun 1941.

- 4/1438 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 6.7. 1939. — Drapst í silunganeti á sama stað þ. 19.6. 1941.

- 4/1717 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 23.6. 1941. — Drapst í silunganeti á sama stað þ. 22.8. 1941.

4/1763 Ungi. Merktur á Grímsstöðum við Mývatn þ. 16.8. 1941. — Drepinn af val á sama stað þ. 10.9. 1941.

**Æðarfugl — Somateria mollissima mollissima (L.).**

3/1862 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri í æðarvarpi í Bæ í Hrútafirði þ. 21.6. 1940. — Fannst dauður hjá Krossanesi á Vatnsnesi (V.-Hún.) vorið 1941.

3/1892 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri í æðarvarpi í Bæ í Hrútafirði þ. 27.6. 1940. — Drapst í hrognkelsaneti á Heggstöðum við Miðfjörð þ. 25.4. 1941.

**Hrafnsönd — Melanitta nigra nigra (L.).**

— 3/46 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 14.6. 1933. — Náðist á hreiðri á sama stað þ. 21.6. 1941 og var endurmerkt með merkinu 3/1939.

— 3/587 Fullorðinn kvenfugl. Upphaflega merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 9.6. 1933 með merkinu 3/34. Síðan hefir þessi önd náðst þrisvar á hreiðri á sama stað: í fyrsta skipti 18.6. 1934, í annað skipti 10.7. 1935 (endurmerkt með merkinu 3/587) og í þriðja skipti 16.6. 1941 (endurmerkt með merkinu 3/1927).

— 3/1202 Fullorðinn karlfugl. Merktur á Grímsstöðum við Mývatn þ. 10.6. 1938. — Flaug á símalínu hjá Sandi í Aðaldal þ. 26.5. 1941 og beið bana af.

— 3/1280 Fullorðinn kvenfugl. Upphaflega merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 15.6. 1934 með merkinu 3/384. Síðan hefir þessi önd náðst þrisvar á hreiðri á sama stað: í fyrsta skipti 13.6. 1938 (endurmerkt með merkinu 3/1209), í annað skipti 12.6. 1939 (endurmerkt með merkinu 3/1280) og í þriðja skipti 7.6. 1941 (endurmerkt með merkinu 3/1914).

— 3/1294 Fullorðinn kvenfugl. Merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 20.6. 1939. — Náðist á

hreiðri á sama stað þ. 21.6. 1941 og var endurmerktur með merkinu 3/1940.

- 3/1653 Fullorðinn kvenfugl. Upphaflega merktur á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn þ. 27.6. 1935 með merkinu 3/432. Náðist aftur á hreiðri á sama stað þ. 28.6. 1939 og var þá endurmerktur með merkinu 3/1653. — Fundinn dauður á sama stað þ. 3.9. 1941.

**Fýll — *Fulmarus glacialis glacialis* (L.).**

- 3/1516 Fullorðinn fugl. Merktur á hreiðri í Drangshlíðarfjalli undir Eyjafjöllum þ. 12.6. 1938. — Náðist á hreiðri á sama stað þ. 4.6. 1939 og var sleppt eftir að lesið hafði verið á merkið.

**Hettumávur — *Larus ridibundus ridibundus* L.**

- 5/490 Ungi. Merktur á Grímsstöðum við Mývatn þ. 13.6. 1935. — Skotinn á Akureyrarhöfn sumarið 1940.

- 5/1732 Ungi. Merktur á Grímsstöðum við Mývatn þ. 7.6. 1939. — Skotinn hjá Rangárvöllum við Akureyri um mánaðamótin júlí og ágúst 1941.

**Rita — *Rissa tridactyla tridactyla* (L.).**

- 5/143 Fullorðinn fugl. Merktur í Kollsvík í Rauðasandshreppi (V.-Barð.) þ. 21.6. 1934. — Skotinn á Patreksfirði þ. 25.5. 1941.

- 5/1696 Fullorðinn fugl. Merktur í Kollsvík í Rauðasandshreppi (V.-Barð.) þ. 27.5. 1938. — Skotinn á Patreksfirði þ. 25.5. 1941.

Hér að framan hafa verið taldar 22 endurheimtur, sem skiptast niður á 9 tegundir. Þær eru allar frá árinu 1941 nema 3/1516 (fýll), sem er frá árinu 1939, og 5/490 (hettumávur), sem er frá árinu 1940. Um þessar tvær endurheimtur hefir ekki fengist vitneskja fyrr, og þær hafa því ekki komið í skýrslum áður. Í skýrslu um fuglamerkingarnar árið 1940 (Fuglamerkingar IX. ár) eru auk þess taldar 4 endurheimtur frá byrjun árs-

ins 1941. Ein þeirra er innlend (æðarfugl 3/1890) en þrjár erlendar (rauðbrystingur 6/3057, tjaldur 4/1082 og skúfönd 4/1492). Endurheimtur árið 1941 hafa því í raun og veru alls verið 24, þar af 21 innlendar og 3 erlendar. Árið 1941 hafa engir fuglar náðst hér á landi, sem hafa verið merktir erlendis.

Pað er athyglisvert að síðan ófriðurinn hófst hefir íslenzkum endurheimtum erlendis farið mjög fækkandi. Á það sjálfsagt að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að Ísland má nú heita slitið úr sambandi við meginland Evrópu, svo að ekki er að búast við tilkynningum um endurheimtur þaðan. Hitt mun þó valda meiru um í þessu máli, að undir núverandi kringumstæðum virðist af ýmsum orsökum hafa dregið mjög úr öllum sportveiðiskap á Bretlandseyjum og Írlandi, en íslenzkir farfuglar leggja aðallega leið sína um þessi lönd og mikill fjöldi þeirra hefir þar vetrardvöl, og þar hefir líka jafnan verið furðu mikið um endurheimtur merktra íslenzkra fugla. En fátt er svo illt að ekki fylgi nokkuð gott. Um leið og íslenzkum endurheimtum í þessum löndum fer stórum fækkandi vegna minnkandi fuglaveiða, ætti þeim íslenzkum farfuglategundum, sem mest eru eftirsóttar af veiðimönnum, en það eru einkum gæsir, endur og ýmsir vaðfuglar, að fara fjölgandi hér á landi. Í síðasta stríði mátti sjá þess nokkur merki þar sem aðstæður voru góðar til þess að fylgjast með því, og söm hefir reyndin orðið síðan ófriðurinn hófst nú. Einna gleggst kemur þetta í ljós á andavarpi og eggjatekjunni við Mývatn. Á Grímsstöðum við Mývatn, þar sem andavarpið er mest, var eggjatekjan á fyrrí stríðsárunum sem hér segir: 1915 15934, 1916 14914, 1917 13438 og 1918 12811 egg. Á árunum 1919—1940 var eggjatekjan á Grímsstöðum að meðaltali 8065 egg á ári. Á öllu því tímabili var hún mest 10044 egg árið 1927, en öll hin árin innan við 10000. Árið 1940 var hún t. d. aðeins 7432 egg, en 1941 kemst hún upp í 11091 og 1942 upp í 13522 egg\*). Pað liggur beinast við að ætla að þessi

\*) Í sambandi við þessa miklu eggjatekju á Grímsstöðum

aukning eggjatekjunnar á stríðstímum stafi af því að minna sé þá drepið af íslenzkum öndum erlendis en endranær. Sem dæmi um það hversu mikil brögð eru að fugladrápi á Bretlandseyjum og Írlandi undir venjulegum kringumstæðum vil ég leyfa mér að vitna hér í bréf, sem fuglamerkingunum hefir borist frá írskum veiðimanni með merki af íslenzkum fugli, er hann hafði skotið. Bréfritarinn skýrir frá því, að hann hafi ásamt öðrum manni skotið eftirtalda fugla í veiðilandí sínu á einu veiðitímabili: 769 grágæsr, 53 blesgæsir, 3 helsingja, 1 margæs, 1 heiðagæs, 139 stokkendur, 39 grafendur, 474 rauðhöfðaendur, 286 urtendur, 23 skúfendur, 53 skutulendur, 55 skeiðendur, 2 litlu gráendur, 2 duggendur, 1 evrópska húsönd, 412 heiðlóur, 136 vepjur, 72 hrossagauka og um 50 spóa, jaðrakana o. fl., alls 2571 fugla. Ennfremur skýrir enskur veiðimaður frá því í bréfi með merki af íslenzkum hrossagauk, er hann hafði skotið, að hann hafi á sjö veiðitímabilum skotið yfir 20000 hrossagauka á lítilli eyju í Hebrideseyjaklasanum, þar sem hann átti veiðirétt. Búast má við að talsvert af þeim fuglum, sem hér hafa verið taldir, hafi verið íslenzkir farfuglar eins og merktu fuglarnir, sem ollu því að fuglamerkingarnar fengu þessar upplýsingar. Með þessu móti verður Ísland nokkurskonar fuglaklakstöð fyrir brezka og írska veiðimenn, því að margar af þeim tegundum, sem hér hafa verið taldar, eru alfríðaðar á Íslandi. Er þetta áþreifanlegt dæmi um það hve takmarkað gildi fuglafríðun hefir þegar ekki er um alþjóðasamþykktir að ræða.

---

vil ég taka það fram, að við Mývatn er þeirri reglu stranglega fylgt, að skilja eftir 4—5 egg í hreiðri, og virðist því gæta þar skynsamlegs hófs um eggjatökuna.

X. Report of the Bird-Ringing Scheme of the Museum  
of Natural History, Reykjavík, Iceland.  
Progress for 1941.  
(SUMMARY).

The total number of birds ringed in 1941, the tenth year of the Bird-Ringing Scheme of the Museum of Natural History, was 610. Of this total 477 birds or 78% were ringed as nestlings or young ones but 133 or 22% as full-grown birds. The species ringed were 41. The numbers of each species ringed are given in Table I. The recoveries in 1941 are all listed below except 4 recoveries from the beginning of that year, 1 from within Iceland (Common Eider 3/1890) and 3 from abroad (Knot 6/3057, Oyster-Catcher 4/1082 and Tufted Duck 4/1492), which are listed in the Report for 1940. Two of the following recoveries, which are all from within Iceland, are anterior to the year 1941, viz. the Fulmar Petrel 3/1516 and the Black-Headed Gull 5/490. We were unaware of these recoveries till now and they have therefore not been listed in previous reports. Thus the recoveries in 1941 actually have been 24, 21 from within Iceland and 3 from abroad. As might be expected the recoveries from abroad show a heavy decrease since the beginning of the war.

**Iceland Redwing — *Turdus musicus coburni***  
Sharpe.

7/1855 Ringed as nestling at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 13.6. 1940. — Found dead at the same place in May 1941.

**Mallard — *Anas platyrhyncha platyrhyncha* (L.).**  
3/1455 Ringed as young at Lambavatn, Rauðasandur, N. W. Iceland, 12.8. 1940. — This ring was found in a vegetable garden at Tunga, Örlygs-höfn, Patreksfjörður, N. W. Iceland, in spring 1941.

**Scaup-Duck — *Aythya marila marila* (L.).**

- 3/457 ♀ ad. ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 10.7. 1935. — This ring was found in a fishing net at the same place 8.7. 1941. The bird had got loose of the net leaving the ring, which had been opened by the struggle of the bird.
- 3/1911 Ringed as young at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 6.7. 1940. — This ring was found at the same place in May 1941 on remains of the bird from the previous autumn.

**Long-Tailed Duck — *Clangula hyemalis* (L.).**

- 4/1239 ♀ ad. ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 1.7. 1938. — Recaptured as breeding bird at the same place 26.6. 1941 and re-marked with the ring 4/1740.
- 4/1420 ♀ ad. ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 27.6. 1939. — Found dead at Vindbelgur at the same lake in the beginning of June 1941.
- 4/1438 ♀ ad. ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 6.7. 1939. — Killed in a fishing net at the same place 19.6. 1941.
- 4/1717 ♀ ad. ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 23.6. 1941. — Killed in a fishing net at the same place 22.8. 1941.
- 4/1763 Ringed as young at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 16.8. 1941. — Killed by an Iceland Falcon at the same place 10. 9. 1941.

**Common Eider — *Somateria mollissima mollissima* (L.).**

- 3/1862 ♀ ad. ringed as breeding bird at Bær, Hrútafjörður, N. Iceland, 21.6. 1940. — Found dead at Krossanes, Vatnsnes, N. Iceland, in spring 1941.
- 3/1892 ♀ ad. ringed as breeding bird at Bær, Hrútafjörður, N. Iceland, 27.6. 1940. — Killed in a

fishing net at Heggstaðir, Miðfjörður, N. Iceland, 25.4. 1941.

- Common Scoter — *Melanitta nigra nigra* (L.).**
- 3/46 ♀ ad. ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 14.6. 1933. — Recaptured as breeding bird at the same place 21.6. 1941 and re-marked with the ring 3/1939.
- 3/587 ♀ ad. originally ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 9.6. 1933 with the ring 3/34. This duck has since been recaptured three times as breeding bird at the same place: for the first time 18.6. 1934, for the second time 10.7. 1935 (re-marked with the ring 3/587) and for the third time 16.6. 1941 (re-marked with ring 3/1927).
- 3/1202 Ringed as ♂ ad. at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 10.6. 1939. — Killed by flying against telephone lines at Sandur, Aðaldalur, N. Iceland, 26.5. 1941.
- 3/1280 ♀ ad. originally ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 15.6. 1934 with the ring 3/384. This duck has since been recaptured three times as breeding bird at the same place: for the first time 13.6. 1938 (re-marked with the ring 3/1209), for the second time 12.6. 1939 (re-marked with the ring 3/1280) and for the third time 7.6. 1941 (re-marked with the ring 3/1914).
- 3/1294 ♀ ad. ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 20.6. 1939. — Recaptured as breeding bird at the same place 21.6. 1941 and re-marked with the ring 3/1940.
- 3/1653 ♀ ad. originally ringed as breeding bird at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 27.6. 1935 with the ring 3/432. Recaptured as breeding bird at the same place 28.6. 1939 and re-marked with the ring 3/1653. — Found dead at the same place 3.9. 1941.

Fulmar Petrel — *Fulmarus glacialis glacialis* (L.).

- 3/1516 Ringed as breeding bird at Drangshlíð, Eyjafjallahr., S. Iceland, 12.6. 1938. — Recaptured as breeding bird at the same place 4.6. 1939 and released after the inscription of the ring had been read.

Black-Headed Gull — *Larus ridibundus ridibundus* L.

- 5/490 Ringed as young at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 13.6. 1935. — Shot in the harbour of Akureyri, N. Iceland, in summer 1940.
- 5/1732 Ringed as young at Grímsstaðir, Lake Mývatn, N. Iceland, 7.6. 1939. — Shot at Rangárvellir near Akureyri, N. Iceland, about the end of July and the beginning of August 1941.

Kittiwake — *Rissa tridactyla tridactyla* (L.).

- 5/143 Ringed as full-grown at Kollsvík, V.-Barð., N.W. Iceland, 21.6. 1934. — Shot at Patreksfjörður, N.W. Iceland, 25.5. 1941.
- 5/1696 Ringed as full-grown at Kollsvík, V.-Barð., N.W. Iceland, 27.5. 1938. — Shot at Patreksfjörður, N.W. Iceland, 25.5. 1941.